

Yfirlýsing frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna vegna fréttáflutnings um gjaldmiðlavarnasamninga 27. September 2012

Ásökunum stjórnarmanns í stéttarfélaginu VR um lögbrot við stýringu gjaldmiðlavarna alfarið vísað á bug

Í kvöldféttum Ríkssjónvarpsins 27. september fer stjórnarmaður í stéttarfélaginu VR fram á að kannað verði hvort stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafi gerst brotlegir við lög í tengslum við gerð gjaldeyrisvarnarsamninga sjóðsins. Stjórnarmaðurinn sakar stjórnarmenn jafnframt um að hafa brotið lög í því sambandi, eins og fram kemur í fréttinni.

Hér er um alvarlegar ásanir að ræða sem eru til þess fallnar að skaða að ósekju æru þeirra stjórnarmanna sem í hlut eiga sem og hagsmuni sjóðsins almennt. Af þessu tilefni vill Lífeyrissjóður verzlunarmanna taka eftirfarandi fram:

Vangaveltum um lögbrot við stýringu gjaldmiðlavarna er alfarið vísað á bug.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) hafnar enn og aftur afdráttarlaust þeim vangaveltum sem fram hafa komið um að sjóðurinn hafi brotið lög með gerð gjaldmiðlavarnarsamninga. Í því samband er jafnframt vísað til tilkynningar sjóðsins af svipuðu tilefni frá 4. febrúar. s.l. sem birt var á vef sjóðsins og send fjölmiðlum á þeim tíma.

Til nánari útskýrignar skal hér útskýrt í stuttu máli um eðli og tilgang umræddra gjaldmiðlavarnarsamninga (afleiðuviðskipti).

Samningar þeir sem hér um ræðir eru svokallaðir afleiðusamningar. Heimild til slíkra samninga er í lífeyrissjóðalögunum (lög nr. 129/1997). Á grundvelli þeirra var heimild til gjaldmiðlavarnasamninga í fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma. Útfærsla heimildarinnar var nánar mótuð með stjórnarsamþykktum og ákvörðun stjórnenda sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur nýtt sér slíka gjaldmiðlavarnarsamninga frá 2005.

Þeir afleiðusamningar sem eru hér til skoðunar, þ.e. þeir samningar sem LV gerði við viðskiptabankana, voru hefðbundnir framvirkir samningar um sölu á gjaldeyri miðað við gengisvísitölu íslensku krónunnar (GVT). Samningarnir voru í eðli sínu hugsaðir til langs tíma.

Fjármálaeftirlitinu (FME) hefur frá upphafi verið gerð grein fyrir stöðu þessara samninga á ársfjórðungslegum yfirlitum sem send hafa verið eftirlitinu reglum samkvæmt. Í þessum efnum hefur frá upphafi allt verið upp á borðinu gagnvart þar til bærum yfirvöllum. FME hefur eðlilega aldrei gert athugasemdir við þessa samninga, enda byggja þeir á lögum. Þá hefur á hverjum tíma verið gerð grein fyrir gjaldmiðlavörnum í ársskýrslum sjóðsins.

Gjaldmiðlastýring jafngildir vörn lífeyrisréttinda

Gagstætt því sem stundum hefur verið haldið fram byggðu gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóðsins á langtímasjónarmiðum í þágu hagsmuna sjóðfélaga en ekki skammtímasjónarmiðum og væntingum um skjótfenginn gróða.

Gjaldmiðlastýring hefur um langt árabíl verið eðlilegur hluti af fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða um allan heim. Þar er grundvallaratriði að tengja saman undirliggjandi eignir og samninga til varnar sömu eignum. Erlend verðbréf í vel dreifðum alþjóðlegum hlutabréfasöfnum hafa verið rúmur þriðjungur eigna lífeyrissjóðsins. Kaupum á hlutabréfum fylgir áhætta sem kemur einkum fram í sveiflum á gengi bréfanna. Þegar hlutabréfin eru erlend bætist við gjaldmiðlaáhætta þar sem skuldbindingarnar gagnvart sjóðfélögum eru í íslenskum krónum. Þá áhættu hefur verið leitast við að takmarka með gjaldmiðlavörnum.

27. september 2012,

F.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Guðmundur Þ. Þórhallsson

framkvæmdastjóri